

Alþingi
Erindi nr. þ 123/1254
komudagur 3.3.'99



	Tilvísun okkar	Tilvísun ykkar	Dagsetning
Nefndasvið Alþingis Þórshamri við Templarasund 150 Reykjavík	GA/bh 10.20	24.02.1999	03.03.1999

Varðar: Umsögn um frumvarp til laga um náttúruvernd, 528. mál, heildarlög.

Fjallað hefur verið um frumvarp til laga um náttúruvernd hjá Vegagerðinni. Frumvarpið hefur verið til athugunar hjá Vegagerðinni á fyrri stigum og hafa margar athugasemdir stofnunarinnar verið teknar til greina.

Þrátt fyrir þær lagfæringar telur Vegagerðin ákvæði 47. og 48. gr. frumvarpsins, um heimild til efnistöku og áætlun um efnistöku, óþarflega íþyngjandi fyrir framkvæmdaaðila einkum þegar um lítið magn er að ræða, og telur að núverandi ákvæði Skipulags- og byggingalaga og laga um náttúruvernd nægi til að tryggja farsælan framgang framkvæmda.

Vegagerðin gerir að öðru leyti ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst,